

Heilbrigðis- og tryggingamál

Sjálfstæðisflokkurinn ítrekar fyrri ályktanir sínar um rétt allra landsmanna til fullkomnustu heilbrigðis- og félagsþjónustu sem á hverjum tíma er tók á að veita. Þjónustan verði á forsendum notenda. Mikilvægt er að notendur hafi val um þjónustuaðila og að í boði verði fjölbreytt úrræði í samfelldri þjónustu. Til að ná þeim markmiðum skal kostnaðargreina og meta faglega þjónustuúrræði eftir viðurkenndum aðferðum.

Nauðsynlegt er að hverfa af braut þeirrar gegndarlausu niðurskurðarstefnu sem heilbrigðisþjónustan hefur orðið að þola um árabíl. Þar skal haft að leiðarljósi að heilbrigðisstarfsfólk okkar eru hin raunverulegu verðmæti heilbrigðiskerfisins. Leggja verður ríka áherslu á breytta forgangsröðun varðandi fjárveitingar til endurskipulagningar og uppbyggingar á heilbrigðiskerfinu í þágu sjúklinga og með bættu starfsumhverfi og kjörum heilbrigðisstétta.

Heilsugæslan verði allajafna fyrsti viðkomustaður einstaklingsins við heilbrigðiskerfið en til þess að svo sé unnt verður að setja hana frammar í forgang en gert hefur verið á liðnum árum.

Rekstur sjúkraflutninga verði bættur og stjórnskipulag þeirra einfaldað þannig að rekstraraðilar, s.s. heilbrigðistofnanir og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafi meira að segja um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga en nú er. Jafnframt verði notkun og staðsetning sjúkraflugvéla og sjúkrabíla endurskoðuð sem og hlutverk Rauða krossins í málaflokknum. Grundvallaratriði er að háskólasjúkrahús sé staðsett nálægt flugvelli.

Rafræn sjúkraskrá verði samtengd á landsvísu og aðgengileg notendum og öllum heilbrigðisstarfsmönnum er veita einstaklingum heilbrigðisþjónustu með öryggi og gæði þjónustunnar að leiðarljósi. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að unnin verði langtímastefnumótun í heilbrigðis- og félagsmálum sem tryggi stöðugleika í málaflokknum. Mikilvægt er að sem flestir notendur og félög hagsmunahópa komi að stefnumótuninni.

Tekið verði upp lýðheilsumat þar sem metin eru bein og óbein áhrif tiltekinna aðgerða stjórnvalda, reglugerða, laga eða annarra stjórnsýsluákvæðana á lýðheilsu.

Ráðgjöf, framkvæmd og opinbert eftirlit með heilbrigðisþjónustu verði aðskilin.

Stóraukna áherslu ber að leggja á forvarnir og heilsueflingu á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að löng bið eftir heilbrigðisþjónustu er ekki sæmandi íslensku samfélagi og á það við um öll stig þjónustunnar. Móta þarf skýrar reglur um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu.

Nýta á kosti fjölbreyttra rekstrarforma í heilbrigðiskerfinu til að auka árangur í þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Árangursgreining og faglegt eftirlit verður að fylgja. Taka þarf upp gæðastaðla í allri heilbrigðisþjónustu og gæðavottun þar sem við á.

Samræma þarf kostnaðargreiningar og kostnaðarmælitæki, sem tekin hafa verið upp hér á landi með góðum árangri og þau verði áfram þróuð til nota í heilbrigðiskerfinu öllu.

Landsfundur telur mikilvægt að bæta aðstöðu Landspítalans. Landsfundur telur að fyrirbyggjandi hugmyndir um nýbyggingu þarfnist endurskoðunar. Höfuðáherslu ber að leggja á rekstur heilbrigðisstofnana um land allt. Skilgreina þarf þjónustupörf með tilliti til landfræðilegrar legu byggðalaganna. Sjúkratryggingum Íslands verði gert kleift að rækja hlutverk sitt sem ábyrgur kaupandi við gerð samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu.

Stórbæta þarf tannheilsu barna á Íslandi með auknu reglulegu eftirliti, fræðslu og niðurgreiðslu tannlæknaþjónustu. Samið verði við tannlækna um land allt um að veita þessa þjónustu.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á eftirfarandi varðandi tryggingar og lífeyrismál:

Íslendingar hafa byggt upp eitt sterkasta lífeyrissparnaðarkerfi sem þekktist. Sparnaður í lífeyrissjóðum er nú yfir 130% af landsframléiðslu. Lífeyrissjóðirnir tryggja þeim sem falla út af vinnumarkaði sökum veikinda, örorku eða aldurs lífeyri tengdan fyrri tekjum. Mikilvægt er að þessu kerfi sé viðhaldið og það varið fyrir áföllum. Á hinn bóginn er mikilvægt að auka áhrif og ábyrgð sjóðfélaga á stjórnir lífeyrissjóða og gagnvart eign sinni í lífeyrissjóðum og gefa þeim frelsi til að velja um lífeyrissjóð. Þá er mikilvægt að gefa fleiri aðilum heimild til að veita þá þjónusta að varðveita og ávaxta lífeyri launþega. Tryggingastofnun ríkisins, sem tryggir lífeyri háðan búsetu hér á landi, greiðir um 60 milljarða króna á ári í lífeyri. Mikilvægt er að fundin verði réttlát og varanleg lausn á samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða. Þeim sem eru á örorku verði tryggt móttframlag til greiðslu í séreignasparnað.

Endurskoða þarf greiðslupátttökukerfi heilbrigðisþjónustunnar með það að markmiði að setja þak á kostnað þeirra sem mest þurfa á þjónustunni að halda. Fæðingarorlofssjóður verði endurskipulagður. Tilgangur fæðingarorlofs er að stuðla að samvistum nýbakaðra foreldra við börn sín.

Afnema skal tekjutengingu öryrkja við maka.

Sameina þarf Innheimtustofnun sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum verði gefinn kostur á að taka til sín læknanema í starfsnám, enda búi sérfræðingar yfir verðmætri þekkingu og geti miðlað reynslu til læknanema, sem ekki er að finna á bráðasjúkrahúsum.

Landsfundur telur mikilvægt að sjúklingum verði gert kleift að sækja heilbrigðisþjónustu þvert á landamæri þegar óhófleg bið er eftir þjónustu. Slíkt fyrirkomulag eykur valfrelsi sjúklinga og mun fjölga tækifærum fyrir heilbrigðisstarfsfólk hér á landi.

Sjálfstæðisflokkurinn áréttar mikilvægi þess að breytt verði um stefnu í efnahags- og atvinnumálum til þess að auka verðmætasköpun og þar með tekjur ríkissjóðs. Það er áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir mikinn niðurskurð í velferðarmálum.

Málefni fatlaðs fólks

Leitast skal við að einstaklingar hafi val um að stýra þjónustu sinni sjálfir með svokallaðri „notendastýrðri persónulegri aðstoð“ (NPA). Í íslensku samfélagi er eðlilegt og sjálfsagt að allir fái sömu tækifæri til samfélagsþátttöku með þeim stuðningi sem hver og einn þarf. Samningar milli þjónustuveitenda og greiðenda byggist á faglegu mati á þjónustunni og kostnaðargreiningu.

Endurhæfing verði treyst í sessi og örorkumat endurskoðað með það að markmiði að litið verði til starfsgetu í stað takmarkana. Vinna þarf að kerfi sem hvetur fólk til virkni og hvetur fyrirtæki til að styðja við eðlilega og sjálfsagða atvinnuþátttöku fatlaðra. Atvinnumál fatlaðra jafnt sem annarra heyri undir Vinnumálastofnun.

Tryggja þarf einstaklingum, sem hafa skerta starfsorku eða hafa tímabundið horfið af vinnumarkaði, aðgang að fjölbreyttri starfsmenntun og endurhæfingu. Bíllinn er nauðsynlegt hjálpartæki fyrir hreyfihamlaða og nauðsynlegt að endurskoða og efla aðkomu stjórnvalda þar að m.a. með tilliti til búsetu einstaklinga og heimilisaðstæðna. Styrkir til hreyfihamlaðra til bifreiðakaupa verða að hækka, enda er bíllinn oft eitt aðal hjálpartækið.

Mikilvægt er að öryrkjar séu ekki hneptir í fátæktargildru vegna skerðinga á bótum vegna tilfallandi tekna.

Fundnar verði leiðir til að breyta bótakerfinu úr ölmusukerfi í launagreiðendakerfi.

Málefni aldraðra

Landsfundur leggur áherslu á rétt aldraðra sem allra landsmanna til þess að njóta bestu fánlegu heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Í því felst, að hver einstakur fái þjónustu eftir þörfum og óskum. Mikil fjölgun aldraðra á komandi árum kallar á fleiri úrræði eins og skilgreindar öryggis- og þjónustuíbúðir, þar sem hjón geta verið undir sama þaki, þótt annað þeirra sé á hjúkrunardeild.

Landsfundur tekur undir kröfu kjaramálanefndar Landssambands eldri borgara um að „vasapeningafyrirkomulagið“ verði afnumið og áréttar í því sambandi, að tafarlaust verði að hækka þær greiðslur, sem einstaklingar á dvalar- og hjúkrunarheimilum hafa til ráðstöfunar í samræmi við hækkanir á bótum almannatrygginga.

Nauðsynlegt er að endurskoða bætur almannatrygginga í heild sinni út frá þeirri grunnforsendu, að um leið og öllum séu tryggðar lágmarkstekjur til lífsviðurværis verði að gæta þess, að ekki sé dregið út hvatanum til sjálfsbjargar og möguleikum aldraðra og öryrkja til að bæta kjör sín. Það er frumréttur einstaklingsins sem ekki má ganga gegn.

Landsfundur leggur áherslu á að eftirfarandi verði framkvæmt:

1. Aldraðir sem eru á dvalarheimilum, haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Þeir vilja halda reisin sinni en eins og kerfið er byggt upp er sjálfsvirðingu þeirra misboðið og þeir veigra sér við að þiggja þá þjónustu.

2. Sú kjaraskerðing, sem eldri borgarar og öryrkjar urðu fyrir 1. júlí 2009, verði tafarlaust afturkölluð.
3. Að Tryggingastofnun ríkisins hætti tafarlaust að skerða ellilífeyri vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum krónu fyrir krónu. Slík háttsemi ríkisvaldsins heitir að fara ránshendi um eigur eldri borgara og er til þess fallin að draga úr trausti á lífeyrissjóðskerfinu. Við upphaf lífeyrissjóða var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir yrðu viðbót við almannatryggingar.
4. Þeir sem náð hafa 70 ára aldri geti aflað sér atvinnutekna án þess að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist.
5. Ellilífeyrir sé leiðréttur strax til samræmis við þær hækkningar sem orðið hafa á lægstu launum síðan í ársbyrjun 2009.
6. Verðbótapáttur vaxta valdi ekki skerðingum hjá Tryggingastofnun ríkisins.
7. Lögum um almannatryggingar verði breytt á þann veg að aldraðir geti selt eða leigt eignir sínar án þess að andvirði þeirra skerði greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Það felur í sér að þeir greiða skatta og skyldur af eignasölunni en verður ekki íþyngt umfram aðra þegna þjóðfélagsins.
8. Í samvinnu við lífeyrissjóði og aðila vinnumarkaðarins er nauðsynlegt að finna leiðir til þess að það sé mögulegt og eftirsóknarvert fyrir aldraða að vera lengur úti á vinnumarkaðnum. Með því móti verða lífsgæði þeirra meiri. Eftir vinstri stjórn verður þörf fyrir atvinnuþátttöku aldraðra í þjóðfélaginu.
9. Öldruðum verði tryggð nauðsynleg tannheilbrigðisþjónusta, sérstaklega þeim sem dveljast á stofnunum.

Heimaþjónusta verði veitt samkvæmt viðurkenndu þjónustumati frá heilsugæslustöð (þjónustumiðstöð) og eflist með auknum aldri. Hér er átt við hefðbundna heimilishjálp og heimahjúkrun, auk heilsueflingar til sálar og líkama. Einnig ráðgjöf um réttindi og hvaða þjónusta sé í boði. Heimilishjálp greiðist af notanda (a.m.k. að hluta) en heimahjúkrun af opinberu fé. Áhersla sé á að eldri borgarar geti búið sjálfstæðu lífi á eigin heimili sem lengst og fái þar þá þjónustu sem þörf er á.

Ef aldraðir þurfa vegna heilsuleysis að flytjast af eigin heimili til hjúkrunar í þjónustuhúsnæði (dvalarheimili/hjúkrunarheimili) á að gera þjónustusamning þar sem allur kostnaður við uppihald og umönnun komi fram, þ.m.t. allur kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu, lækningatækja og hjálpartækja. Skilgreina þarf upp á nýtt hver kostnaðarskipting viðkomandi einstaklings/opinberra aðila á að vera. Þar ber að stefna að því að notandi beri kostnað af sérfræðiþjónustu, lyfjum, hjúkrunarvörum, lækninga- og hjálpartækjum með sama hætti og þegar búið var heima. Almenn heilbrigðisþjónusta verði kostuð af opinberu fé. Við ákvörðun kostnaðarskiptingar þarf að hafa í huga að ekki má ganga á lífeyrisréttindi einstaklinga til greiðslu þessarar þjónustu með sama hætti og tíðkað hefur verið í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Boðið verði upp á fjölbreytt rekstrarform í heimaþjónustu og á dvalarheimilum/hjúkrunarheimilum sem byggist á þjónustusamningum við hið opinbera.

Þjónustusamningar taki mið af þarfalýsingu með lágmarksviðmiðum um þjónustu og húsnæði. Notendur geti keypt ýmsa þjónustu umfram lágmarksviðmiðin að eigin vali, þ.m.t. stærra húsnæði, valkosti í máltíðum og ýmsa persónubundna viðbótarþjónustu.

Mikilvægt er að sérlög um aldraða verði endurskoðuð í heild sinni á komandi kjörtímabili.

Landsfundur hvetur þingmenn flokksins til að leggja sig fram í baráttu fyrir bættum kjörum aldraða og öryrkja.

Málefni fjölskyldunnar

Sjálfstæðisflokkurinn vill virða og treysta hlutverk fjölskyldunnar. Stöðugar fjárhagsáhyggjur eru ógn sem nú steðjar að allt of mörgum fjölskyldum. Alþingi verður að skilgreina farveg til úrlausnar á fjárhagsvanda venjulegs fólks svo að fjölskyldur í vanda geti greitt úr honum.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að launþegar eigi kost á sveigjanlegum vinnutíma og sveigjanlegum persónubundnum starfslokum. Neikvæð jaðaráhrif skattkerfisins mega ekki draga úr fólki þrótt. Persónuafslátt á að vera unnt að nýta innan fjölskyldu.

Sjálfstæðisflokkurinn vill öflugt almannatryggingakerfi sem styður vel fjölskyldur langveikra barna, fatlaðra og aldraða. Sjálfstæðisflokkurinn vill að almannatryggingakerfið taki mið af því að mörg börn eigi tvö heimili og aðstoð þurfi því að ná til beggja heimila. Tryggja verður tilverurétt þessarar fjölskyldugerðar innan almannatrygginga, félagsþjónustu og annarra þátta samfélagsþjónustunnar.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að Hagstofa Íslands haldi utan um fjölda og fjárhagsstöðu fjölskyldna þar sem börn eru í umgengni líkt og gert er með aðrar fjölskyldugerðir. Þá skal Hagstofa Íslands taka mið af meðlagsgreiðslum við útreikning ráðstöfunartekna heimila líkt og gert er í Evrópu.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að hlutfallsupplýsingar um tilhögun umgengni barna samkvæmt staðfestum samningum sýslumanna, úrskurða sýslumanna eða dóma verði rafrænt skráðar í þjóðskrá eða sambærilegan gagnagrunn.

Endurskoða þarf ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi ráðstöfunartekjur einstaklinga við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð.

Húsnæðismál

Séreignastefnan í húsnæðismálum er grunnstoð sjálfstæðisstefnunnar. Breyta þarf húsnæðisstefnunni þannig að fólki verði gert kleift að eignast í stað þess að hvetja til skuldsetningar.

Taka þarf íbúðalán og leiguíbúðalán til gagngerrar endurskoðunar.

Auðvelda verður ungu fólki sín fyrstu kaup. Leiga verði valkostur á íbúðamarkaði.

Íbúðalánasjóð og leigufélag Íbúðalánssjóðs þarf að endurskoða frá grunni.

Barnavernd

Fyrirbyggjandi barnavernd verði tryggð af ríki- og sveitarfélögum sem hluti af velferðarþjónustu við íbúanna.

Gerð verði ábyrg stefna um viðbrögð við vímuefnaneyslu ungmenna. Skortur á vistunarúrræðum er óviðunandi ástand sem bregðast þarf strax við.

Vistunarúrræðum fyrir 16–20 ára ungmenni verði fjölgað og aðstandendum veitt aukin aðstoð og upplýsingagjöf.

Boðið verði upp á aðgreinda skammtímavistun fyrir 14–18 ára einstaklinga með hegðunarvandamál og ekki eru í neyslu vímuefna.

Komið verði í veg fyrir að mjög ung börn vistist með eldri börnum í vanda.

Umgengnistálmanir eru brot á rétti barna til þess að umgangast báða foreldra sína samkvæmt lögformlegum úrskurðum og mannréttindaákvæðum. Lagt er til að mál þar sem forsjáraðili barns beitir umgengnistálmunum, þrátt fyrir aðfarargerð þess sem á rétt á umgengni við barnið, verði meðhöndluð sem barnaverndarmál.

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að á umgengnistálmunum sé tekið fljótt og af festu og harmar það úrræðaleysi sem blasir við í dag. Aðilum máls verði heimilað að gera kröfu þessa efnis. Sjálfstæðisflokkurinn vill að forsjarlaust foreldri barns verði ávallt aðili að barnaverndarmáli nema það sé talið andstætt högum barnsins. Gerðar verði breytingar á barnalögum og barnaverndarlögum til að tryggja að þetta nái fram að ganga.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að skólastjórnendum og sveitafélögum verði gert skylt að bregðast við einelti í grunnskólum og að ábyrgðin liggi hjá þeim að finna ásættanlega lausn á slíkum málum bæði fyrir þolendur og gerendur. Tryggt verði að tilkynningar um einelti séu ávallt sendar barnaverndaryfirvöldum.

Foreldrajafrétti

Sjálfstæðisflokkurinn vill að barnalögum verði breytt með þeim hætti að foreldrajafrétti verði tryggt.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að fjárhagslegir og félagslegir hagir umgengnisforeldra verði rannsakaðir sérstaklega og að kannað verði hvort leiðréttta þurfi aðkomu þeirra að bóta og skattkerfinu að slíkum rannsóknum undangengnum, m.t.t. aukinnar þátttöku umgengnisforeldra í uppeldi skilnaðarbarna.

Foreldrar þurfa að eiga þess kost að geta samið svo að lögheimili barns verði hjá þeim báðum. Sjálfstæðisflokkurinn telur að í lögum ætti sú meginregla að gilda við sameiginlega forsjá að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema þeir ákveði annað í samningi eða sýslumaður úrskurði annað. Sjálfstæðisflokkurinn vill að karlmaður sem telur

sig föður barns geti höfðað faðernismál þótt barnið sé feðrað. Sjálfstæðisflokkurinn vill að umgengnisdeilur verði hægt að reka fyrir dómstólum.

Hagsmunir barnsins skulu ávallt vera í fyrirrúmi og þess gætt að rödd barnsins hafi vægi í forsjármálum. Nauðsynlegt er að deilur foreldra um málefni barna fái hraða og vandaða málsmeðferð. Setja þarf reglur um flýtimeðferð með hagsmuni barna að leiðarljósi.

Sjálfstæðisflokkurinn telur afar brýnt að hraða endurskoðun barnalaga með tilliti til þessa.

Mannréttindi – Jafnrétti

Sjálfstæðismenn vita að samfélaginu vegnar best þegar hver einstaklingur fær þroskað og notið hæfileika sinna til uppbyggingar og framfara, bæði einn og í samstarfi við aðra og í heilbrigðri samkeppni. Ríkisvaldið setur leikreglur og sér til þess að þeim sé fylgt en verður að stilla afskiptum sínum í hof. Ákvæði stjórnarskrár þurfa að kveða á um takmörkun og dreifingu ríkisvaldsins og réttindi borgaranna gagnvart hinu opinbera.

Á samdráttartímum er hætt á að halli á mannréttindi innan samfélaga. Á slíkum tímum er brýnt að huga sérstaklega að því að mannréttindi sem borgurunum eru tryggð í stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum séu ávallt virt og í heiðri höfð. Þrátt fyrir nauðsyn á öflun, skráningu og vörslu upplýsinga verður að virða friðhelgi einkalífs.

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra verði lögfestur.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að hæfileikar einstaklinga njóti sín óháð kynferði, aldri, trú, stöðu eða öðrum aðgreinandi þáttum. Efla þarf vilja og möguleika allra til að taka að sér ábyrgðarstörf og tryggja að laun séu ekki háð öðru en stöðunni sjálfri, auk getu og hæfni einstaklingsins.